

5. fundur fræðslunefndar vegna Flúðaskóla árið 2011, haldinn 29. ágúst, kl. 14.00, í Flúðaskóla.
10. fundur kjörtímabilsins vegna Flúðaskóla.

Mætt til fundar: Helgi Jóhannesson, formaður, Unnsteinn Logi Eggertsson, Gunnar Jóhannesson, Guðrún Pétursdóttir skólastjóri, Jóhanna Lilja Arnardóttir aðstoðarskólastjóri, Kristín Erla Ingimarsdóttir, fulltrúi kennara, Ingvar Hjálmarsson, Skeiða- og Gnúpverjahrepp og Eva Marín Hlynsdóttir, fulltrúi úr skólaráði. Lára Bergljót Jónsdóttir boðaði forföll.

Dagskrá.

1. Skýrsla skólastjóra.
2. Rekstur Flúðaskóla.
3. Mönnun og verkaskipting stjórnenda í leik- og grunnskóla
4. Skólastefna - stefnumótun.
5. Önnur mál.

Formaður setti fundinn og bauð viðstadda velkomna. Gengið var til dagskrár.

1. Skýrsla skólastjóra.

Þegar skólinn var settur 22. ágúst voru 152 nemendur skráðir í skólann. Skólahald hefur farið vel af stað.

10. bekkur fór til Danmerkur laugardaginn 20. ágúst og voru í vikuheimsókn í Grantofteskole. Anna Ásmunds. og Bára fóru með þeim og einnig voru 8 foreldrar með í för. Stjórnendur fóru út til þeirra miðvikudaginn 24. ágúst og voru með þeim út vikuna. Tilgangur ferðarinnar var að hitta stjórnendur Grantofteskole, fylgjast með vinnu nemenda og kynna okkur aðstæður þar ytra. Anna hefur unnið frábært starf og viljum við sýna henni stuðning í því stóra verkefni sem unnið er að í samstarfi við Danina.

Haustferð 8. bekkjar var í Helgaskála og gistu þau eina nótt ásamt umsjónarkennara sínum, stuðningsfulltrúa og foreldri.

Skólasel er með sama sniði og í fyrra, þar eru um 20 börn í vistun.

Í vetur eru 24 kennarar í 20,5 stöðugildum þar með taldir eru stjórnendur. Stuðningsfulltrúar eru 6 í 4,7 stöðugildum þar til viðbótar er 30% starfshlutfall umsjónarmanns skólasels. Í mótuneyti starfa þrjár starfsmenn í 2,5 stöðuhlutfalli. Marlin kemur til starfa 12. sept. þangað til mun Guðbjörg Jóhannsdóttir leysa hana af. Auður hættir hjá okkur 1. september verið er að vinna úr umsókn. Búið að ráða Mio í 75% ræstingu.

2. Rekstur Flúðaskóla

Farið var yfir tölur í rekstri skólans, skv. aðalbók dags. 24. ágúst sl. Reksturinn er á áætlun.

3. Mönnun og verkaskipting stjórnenda í leik- og grunnskóla.

Ráða þarf nýjan leikskólastjóra nú fyrir næstu áramót. Slíkar breytingar opna möguleika á skipulagsbreytingum innan stofnunarinnar. Því leggur formaður það til að fenginn verði óháður aðili til að gera úttekt á mönnun og verkaskiptingu stjórnenda – um leið væri viðeigandi að slík úttekt yrði gerð í Flúðaskóla. Lagt er til að formanni fræðslunefndar ásamt sveitarstjóra verði falið

að finna aðila til að gera slíka úttekt. Málið rætt. Samþykkt að úttekt fari fram. Unnsteinn víkur sæti við afgreiðslu þessa máls.

4. Skólastefna - stefnumótun.

Rætt um næstu skref í vinnu við endurskoðun á skólastefnu Flúðaskóla. Samþykkt að skólastjóri, formaður fræðslunefndar, fulltrúi frá Skeiða- og Gnúpverjahreppi og sveitastjóri leiti eftir föstu tilboði frá ráðgjafafyrirtæki til að aðstoða við framkvæmd og úrvinnslu skólaþings. Markmið vinnunnar er að móta skólastefnu sem komi til með að nýtast báðum sveitarfélögunum.

5. Önnur mál.

- a. Fundartími fræðslunefndar. Samþykkt að fundir verði haldnir að jafnaði síðasta mánudag í hverjum mánuði, kl. 14.00.

Fleira var ekki gert. Fundi slitið kl. 15.20